



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Tillaga um samþykkt á leiðbeiningum um hvílustæði

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki meðfylgjandi leiðbeiningar um hvílustæði.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun á hvílustæðum (e. *parklet*) í borgarlandi. Hvílustæði eru bílastæði sem hefur verið breytt í dvalarsvæði gjarnan tengd rekstri við götuna og eru að öllu jöfnu gerð að frumkvæði rekstraraðila. Með auknum og bættum dvalarsvæðum er stuðlað að auknu mannlífi í borgarrýminu.

Leiðbeiningar þessar eru hugsaðar til að einfalda og skýra út ferlið við gerð og uppsetningu hvílustæða í borgarlandi sem og að samræma meðferð umsókna og tryggja að kröfum um aðgengi, öryggi og ásýnd sé mætt.

Virðingarfyllst,
Edda Ívarsdóttir
deildarstjóri borgarhönnunar



Leiðbeiningar um hvílustæði

Umsóknarferli og hönnunarleiðbeiningar



Reykjavík

Hvað er hvílustæði?

Hvílustæði eru bílastæði sem breytt er tímabundið í dvalarsvæði fyrir íbúa og gesti borgarinnar.

Megináhersla með hvílustæðunum er að skapa skemmtileg svæði fyrir fólk í sólríkum göturýmum borgarinnar, svæðum sem geta hvatt til dvalar, samskipta og leiks.

Hvílustæðin eru tilraun sem getur í framtíðinni leitt til þess að göturýmið taki breytingum og verði gert að varanlegu dvalarsvæði. Á sama tíma er reynt að vekja íbúa og aðra hagsmunaaðila til umhugsunar um sitt nánasta umhverfi og hvetja þá til þátttöku í mótun svæðanna til framtíðar.

Hvernig sæki ég um hvílustæði?

Hugmynd

- Finna bílastæði til að vinna með og afmarka það á korti/teikningu.
- Fá stuðningsbréf frá nágrönnum svæðisins.
- Senda tillöguna ásamt korti og stuðningsbréfi á usk@reykjavik.is

Hönnun

- Ef hugmyndin að hvílustæðinu er samþykkt þá þarf að hanna svæðið með leiðbeiningar um hvílustæði til hliðsjónar.
- Teikningar eru sendar til deildar borgarhönnunar til samþykktar.

Framkvæmd

- Sótt er um afnotaleyfi fyrir framkvæmdinni á www.afnotaleyfi.is fyrir framkvæmdatímann
- Þegar hvílustæðið er tilbúið fer fram lokaúttekt.

Rekstur

- Ef ætlunin er að nýta hvílustæðið til útiveitinga þá þarf að sækja um rekstarleyfi til útiveitinga hjá sýslumanni á höfuðborgarsvæðinu.

I. Bílastæði verða hvílustæði

1. Almenn atriði

Það gilda mismunandi reglur um hvaða bílastæði geta orðið að hvílustæði. Eftirfarandi leiðbeiningar taka á mismunandi stæðum, meðfram gangstétt, skáhallandi stæði og stæði sem liggja þvert á gangstétt. Ekki má staðsetja hvílustæði yfir brunnlok eða frárennsli, né við brunahana. Hvílustæði má aðeins staðsetja við götur með hámarkshraða 30 km/klst eða minna.

Bílastæði meðfram gangstétt

Hafa skal 1 m bil milli hvílustæðis og næsta bílastæðis (sjá teikningu 1).

Lóðrétt eða skáhallandi bílastæði


Hafa skal 90 cm bil milli hvílustæðis og næsta bílastæðis. Nota þarf í það minnsta 3 bílastæði svo úr verði nægilegt pláss (sjá teikningu 1).

Óafmörkuð bílastæði

Passa þarf að skilja ekki eftir lítið rými sem nýtist hvorki sem hluti hvílustæðis né sem bílastæði.

Afmörkun meðfram götu

Það þarf að vera a.m.k. 30cm bil frá afmarkaðri stæðalínu meðfram götu að götuhlið hvílustæðis (sjá teikningu 1).



Halli

Langhalli í bílastæði má vera að hámarki 5% og þverhalli að hámarki 2% (sjá teikningu 2).

Gatnamót


Hvílustæði skal vera staðsett í að minnsta kosti 5m fjarlægð frá götuhornum (sjá teikningu 3).

Gangbrautir


Ekki skal staðsetja hvílustæði nær gangbraut en 5m.

Innkeyrsla


Hafa skal 60 cm bil milli hvílustæðis og innkeyrslu að baklóð eða bílastæðahúsi (sjá teikningu 3).



Teikning 2



Teikning 3



II. Hvað þarf að koma fram í umsókn um hvílustæði?

Í tillögu að nýju hvílustæði þarf eftirfarandi að koma fram á fyrstu stigum í ferlinu:

Ábyrgðaraðili : Hver er sækir um?

Nafn, símanúmer og netfang ábyrgðaraðila.

Stuðningsbréf: Er nærumhverfið sátt við framkvæmdina?

Leyfi eða stuðningsbréf frá rekstraraðilum sitthvoru megin við þinn rekstur. Einnig þarf að láta íbúa nærliggjandi húsa vita af hugmyndinni og gefa þeim kost á veita umsögn.

Hverskonar starfsemi er tengd stæðinu?

Hvaða starfsemi á að vera á stæðinu? Ef svæðið er ætlað til útveitinga þá þarf rekstraraðili að sækja um rekstrarleyfi til útveitinga í gegnum sýslumann höfuðborgarsvæðisins. <https://island.is/rekstrarleyfi-veitingastada>

Teikningar af svæði

Á teikningunni þarf að sýna götur og gangstéttir í nærumhverfi hvílustæðisins, í allt að 6 m fjarlægð í hvora átt. Á þessu stigi ferilsins þarf ekki að sýna fullbúna hönnun, en koma fram skal það svæði sem nýtist undir hvílustæðið.

Myndin má vera handteiknuð, svo lengi sem hún er í skala og auðlesanleg.

Nota má ljósmyndir til að sýna svæðið fyrir breytingar.

Tímabil

Yfir hve langan tíma er ætlað að hvílustæðið standi?

Greinagerð

Stutt lýsing (hámark 500 orð) á hvílustæðinu. Lýsa má t.d. eftirfarandi atriðum:

- Hvernig nýtist hvílustæðið nærliggjandi íbúum og gestum borgarinnar?
- Hvernig má virkja hvílustæðið með t.d. viðburðum.
- Hugmyndir um hvernig íbúar geti tekið þátt í sköpuninni og/eða umsjón hvílustæðisins.
- Nafn hönnuða.

Ef svæðið er samþykkt þá má fara af stað í hönnun á stæðinu.

III. Hönnunarleiðbeiningar

Fjölbreytni og áhugaverð hönnun eru grundvallaratriði í gerð hvílustæða og styður áhugaverð hönnun við markmið hvílustæða um að skapa áhugavert og líflegt borgarumhverfi. Hinsvegar verða hvílustæðin að uppfylla vissar kröfur um gerð, útlit og öryggi til að vera samþykkt.

Hvílustæði þurfa að:

- Vera aðgengileg öllum.
- Vera vel afmörkuð og aðgreind frá akstursleið.
- Vera snyrtileg og vel viðhaldið.
- Vera auðveld að fjarlægja og einföld í uppsetningu.
- Vera vel sjáanleg frá götu.



Grunnur hvílustæðis


Mælst er til þess að hvílustæði séu byggð í einingum sem auðvelt er að fjarlægja til dæmis með lyftara og auðvelt að setja saman aftur.

Hvílustæði verða að tengjast gangstétt á sléttum fleti sem er amk 1,2m að breidd, hvorki má myndast bil né kantur milli hvílustæðis og gangstéttarkants (sjá teikningu 4).

Afmörkun hvílustæðis

Öryggis vegna verður að afmarka akstursleið frá hvílustæði með einhverskonar grindverki.

Viðhalda skal sjónrænum tengslum við götuna - Vegfarendur ættu að sjá inn í hvílustæðið frá götunni og öfugt.



Fjölbreytni

Fjölbreytni í formi leiðir til fjölbreytileika í notkun - t.d. handrið sem má halla sér á, mjóir bekkir, stök sæti og sætisprep.

Hreyfanleg borð og stólar

Æskilegt er að á hvílustæði sé vel útbúið borðum og stólum og að hægt sé að taka stóla inn yfir nóttina. Þar sem íbúar búa í nágrenni stæðisins ætti að forðast föst sæti.

Hjólustæði

Nota má hjólustæði í hluta stæðis fjær akstursstefnu. Þannig skapast meiri sýnileiki ef gangandi vegfarandi ákveður að þvera götu þeim megin hvílustæðis.

Plöntunotkun

Notið plöntur eins og hægt er, við viljum skapa græna borg!

Aðgengi

Hvílustæðið skal vera aðgengilegt fólki í hjólustól.

Sjálfbær hönnun

Nota skal eins og hægt er endurunnin og endurnýtt efni og sem minnst plast. Efni þarf að vera auðvelt að viðhalda.

Sýnileiki frá götu

Útveggir að götu skulu vera gerðir sýnilegir með endurskini sem vísar til móts akstursstefnu.

Hæð veggja og handriða

Veggir og handrið skulu vera amk 90cm háir og ekki má skyggja á sjónlínur við horn hvílustæðis að götu.

Auðvelt þarf að vera að **fjarlægja** hvílustæðið í neyðartilfellum.

Auglýsingar eru bannaðar á hvílustæðum.

IV. Uppsetning og ábyrgð

Smíði og uppsetning

Áður en hafin er smíði og uppsetning hvílustæða skal sækja um afnotaleyfi til Reykjavíkurborgar. Tekið er við umsóknum um afnotaleyfi á www.afnotaleyfi.is. Með afnotaleyfi er tryggt að framkvæmdin fari fram á öruggan hátt í samræmi við 1. mgr. 15. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008.

Smíði og uppsetning hvílustæða er á ábyrgð ábyrgðaraðila. Úttekt er gerð af bæði starfsmanni borgarhönnunar og byggingarfulltrúa, sem sjá til þess að allt sé samkvæmt teikningu við lok framkvæmda.

Götugögn

Láta starfsmann borgarhönnunar vita með viku fyrirvara ef fjarlægja þarf hjólastanda eða önnur götugögn.

Uppsetning

Láta starfsmann borgarhönnunar vita með viku fyrirvara áður en uppsetning hefst svo hægt sé að setja keilur í stæðin tímanlega.

Skilti

Deild borgarhönnunar útbýr skilti sem staðfestir að hvílustæðið sé gert í samræmi við reglur borgarinnar.



Rekstur á hvílustæðum

Framvísa þarf útveitingaleyfi ef ætlunin er að nýta svæðið til útveitinga.

- Fjarlægja rusl af yfirborði daglega.
- Fjarlægja rusl sem safnast saman undir hvílustæðinu.
- Sópa yfirborð eftir þörfum.
- Vökva plöntur eftir þörfum.
- Fjarlægja graff.
- Laga ef eitthvað skemmist
- Auglýsingar eru óheimilar á hvílustæðum



V. Kostnaður

Rekstraraðilar bera ábyrgð á öllum kostnaði hvað varðar hönnun, smíði, uppsetningu og leyfi vegna hvílustæðis.

Ábendingar varðandi hvílustæði má senda á ábendingavef borgarinnar
www.reykjavik.is/abendingar

Afturköllun á leyfi.

Afturköllun afnota af borgarlandi og/eða fjarlægging hvílustæðis.

Í neyðartilfellum getur Reykjavíkurborg afturkallað án fyrirvara og bótaskyldu afnot af borgarlandi fyrir hvílustæði t.d. ef það er metið nauðsynlegt vegna tjóns, viðhalds borgarlands, endurnýjun mannvirkja, framkvæmda og þéttingu byggðar (eða náttúruvá).

Dæmi um slíkt getur verið lagnir eða leiðslur sem brostið hafa og skilyrðislaus viðgerð þarf að eiga sér stað. Slík afturköllun skapar ekki bótaskyldu af hálfu leyfisgjafa, sem er veghaldari og vörsluhafi borgarlands.

USK getur, án fyrirvara og bótaskyldu, fjarlægt útveitingasvæði eða hvílustæði að öllu eða hluta, eða muni sem tilheyra útisvæðinu sem talið er ógna öryggi vegfarenda eða takmarka aðgengi, ónæða nágretta, óháð því hvort fyrir því er leyfi eða ekki.

Eigandi skal fjarlægja útveitingasvæði/hvílustæði sem sett eru upp í borgarland án leyfis, eru án þess að vera í samræmi við þessar reglur eða það telst vera í ósamræmi við skilmála rekstrarleyfis til útveitinga um afnot af borgarlandi. Í síðastnefnda tilvikinu verður sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu gert viðvart um brot á rekstrarleyfi.

Verði eigandi útveitingasvæðis ekki við kröfu um að fjarlægja útveitingasvæðið öllu eða hluta, eða muni sem tilheyra útisvæði t.d. húsgögn eða skilrúm, er USK heimilt að fjarlægja það á kostnað viðkomandi. Ef eigandi útveitingasvæðis er ekki þekktur er USK heimilt að fjarlægja útisveitingasvæðið án viðvörunar.